



LYFJAGREIÐSLUNEFND

Alþingi

Erindi nr. P 140/241

komudagur 17.11.2011

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2011

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á l. um lyfjalög**

Lyfjagreiðslunefnd vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um breyt. á l. um lyfjalög (gildistaka – 170. mál.

Lyfjagreiðslunefnd gerir ekki athugasemdir við fyrrgreinda tillögu en telur skylt að benda á eftirfarandi atriði og vísar til umsagnar sem nefndin veitti Nefndarsviði Alþingis 2. desember 2009.

Í fyrsta lagi er með því að tryggja það að sjúklingar geti áfram notið afsláttar af lyfjakaupum hjá smásölum er ekki gætt jafnræðis milli lyfja og annarra heilbrigðisþjónustu sem ríkið greiðir að hluta í. Þessir afslættir á kaupum á lyfjum í smásölu eru ógagnsæir og einhliða ákvarðaðir af seljanda lyfjanna. Alls óvíst er hver áhrif verða þegar nýtt greiðslupátttöku kerfi lyfja tekur gildi.

Í öðru lagi er smásöluálagning lyfseðilskyldra lyfja ákvörðuð af lyfjagreiðslunefnd og við þær ákvarðanir ber nefndinni að hafa hliðsjón af smásöluverði á Norðurlöndunum en ekki er tekið tillit til þeirra afsláttar sem smásalar veita.

Í þriðja lagi að ef ákvæðið um “að smásöluaðilum beri að selja lyf á sama verði á öllum sölustöðum sínum og skuli tilkynna það Lyfjagreiðslunefnd ef selja á lyfseðilskyld lyf á lægra verði” verður ekki frestað mun það kalla á töluverðar breytingar á núverandi lyfjaverðskrá sem tekur tíma og hefur í för með sér kostnað fyrir nefndina. Þetta ákvæði er flókin útfærsla á því að selja lyfseðilskyld lyf á sama verði um allt land.

Að öðru leyti gerir Lyfjagreiðslunefnd ekki athugasemdir við fyrrgreint frumvarp.

F.h. Lyfjagreiðslunefndar,

Rúnna Hauksdóttir, formaður